Áfram Ísland | Upphafsfundur

https://www.youtube.com/watch?v=wnd1tqg8x_c 68 mín.

Upphafsfundur Áfram Ísland í Sjálfstæðissalnum við Austurvöll.
Ræðumenn á fundinum voru Björn Zoëga læknir, Lára Herborg Ólafsdóttir, lögmaður og sérfræðingur í tæknirétti, og Ólafur Ragnar Grímsson, fyrrverandi forseti Íslands.
Fundarstjóri var Halldór Benjamín Þorbergsson, hagfræðingur.

Halldór Benjamín: Ja hérna hér. „Ja hérna hér“ sagði mamma þegar ég gerði eitthvað af mér þegar ég var lítill. Við erum með stappfullan sal hérna. Það eru hundruðir manna sem eru að mæta á þennan upphafsfund. Og það eru þið sem létuð þetta gerast á örfáum dögum. Við opnuðum fyrir skráningar á áfram Ísland fyrir nokkrum dögum og núna er ég svo heppinn að fá að standa hér fyrir framan ykkur og ávarpa jákvæða nei-sinna.

Þið eruð hingað mætt. [fagnaðarlæti] Þið eruð hingað mætt. þvert á stjórnmálaflokka, þvert á félagasamtök, þvert á landshluta og sumarleyfin er það ekki sem við vorum öll búin að plana. En í staðinn ætlum við að einhenda okkur í baráttuna og slagorð er einfalt. Áfram Ísland. [fagnaðarlæti] Mér er illa mér er illa við að draga fólk í dilka og geri það að sjálfsögðu ekki við þennan hóp hér. En ég leyfi mér að kalla ykkur jákvæða nei-sinna. vegna þess að þau eru jákvæð í garð framtíðar Íslands.

Við trúum því að bestu dagar Íslands séu ekki í fortíðinni heldur í framtíðinni. [fagnaðarlæti] Við trúum því að Ísland sé vel menntþjóð. [fagnaðarlæti] Við séum ung á evrópsk mælikvarðalagðan. Við séum rík af auðlindum og við erum með fyrnast lífeyriskerfi sem við ætlum okkur að standa vörðum. [fagnaðarlæti] En ef þið horfið ef þið horfið aðeins í kringum ykkur og spyrjið ykkur hvað er þetta? Hvað er áfram Ísland?

Ég get sagt ykkur að ég veit það ekki alveg en þetta byrjaði á einu SMS-i. Þetta SMS leiddi til kaffibolla. Einn kaffibolli leiddi til fleiri kaffibolla. Fleiri fundu ilminn af kaffinu og skyndilega fóru hlutir að gerast hringinn í kringum landið. Samtal varð fundi, fundur varð að hópi og hópar byrjuðu að myndast um allt land frá Reykjavík til Suðurnesja til Vestmannaeyja til Selfoss, Hellu, Víkur, Kirkjubæjarklausturs, Akureyrar, Blönduós, Bolungarvíkur, Ísafjarðar, Stykkishólms, Akranes og hér erum við komin í dag. þessi frábæri [fagnaðarlæti] hópur.

Stundum rennir maður - þeir sem hafa haldið partí vita að maður renni blint í sjóinn með hvað hversu margir mæta. Vandamálið hér var að við komum ekki öllum gestunum fyrir í þessum sal. Þannig að við erum með tvo yfirfallsali hérna sitthverjum megin þar sem fólkið er að mæta. Við sögðum ykkur að skrá ykkur til leiks og þeir sem að svöruðu kalli okkar og eru tilbúnir að taka

þátt í þessari baráttu bara á fyrstu dögum herferðarinnar eru á þriðja þúsund manns sem eru þá stofnaðilar áfram Ísland. [fagnaðarlæti] [fagnaðarlæti]

Kæru vinir, kæru vinir, baráttan er rétt að hefjast. Ef við Áfram Ísland er vettvangur fólks sem að vill velja íslenska framtíð á eigin forsendum í þjóðaratkvæðagreiðslunni 29. ágúst. Hvað þýðir það? Jú við ætlum að reka baráttu sem verður drifin áfram af jákvæðni og bjartsýni. Og þegar ég horfi yfir þennan hóp sé ég að við erum með mjög fjölbreyttan bakgrunn og erum frá ólíkum sviðum íslensks þjóðfélags.

Samnefnarinn það sem að við erum öll sammála um er að íslenska þjóðin sé fullfær um að sækja fram um leið og hún tekst á við þær áskoranir sem við blasa hverju sinni. Við þurfum nefnilega að átta okkur á því hvað við höfum áorkað síðustu áratugi og standa vörð um þann mikla árangur. Stór hluti þjóðarinnar telur að Ísland sé sannarlega land tækifæranna og að hagsmunum Íslands og íslensku þjóðarinnar sé best borgið utan ESB vegna þess að við höfum trú á Íslandi. Ég ætla að biðja ykkur um að virða þessa mynd aðeins fyrir ykkur. Skoðið bakgrunninn, forgrunninn, myndbygginguna.

Við eigum öll okkar sögu og sögur okkar flestra eru í grunninn keimlíkar minni fjölskyldusögu. Þetta er föður afi minn heitinn. Hann fæddist árið 1908 en lést fyrir aldur fram á 62 aldursári. um það bil 10 árum áður en að ég fæddist. Afi var borinn og barnfæddur Reykvíkingur og sjómennskan var honum sannarlega í blóðborin. Hann fór fyrst á sjó rétt eftir fermingu og í tæpa fjóra áratugi var hann háseti á togurum Alliance. Fyrst Baldri en síðar Jóni forseta sem að var starfsvettvangur hans lengst af.

Þessi hét Halldór Benjamín Þorbergsson og ég hugsa oft hversu mörg skref, hversu margar réttar ákvarðanir þjóðar, hversu ótrúlegar fórnir þessarar fyrri kynslóða frá þilfarinu á Jóni forseta yfir í það að ég alnafni og barnabarn þessa manns standi hér á þessum þiljum og tali fyrir því að staða að Ísland sé sterk og okkur beri að verja hana þegar af henni er sótt. [fagnaðarlæti]

Nú höfum [fagnaðarlæti] við nú höfum við tekið við keflinu af þessum fyrri kynslóðum þeirra sem hafði sannarlega trú á Íslandi og mér sárnar þegar ég les í blöðum skoðanapistla um að Íslendingar séu ófærir um að stýra sínum málum sjálfir. Á þeim grunni neita ég að horfast í augu við framtíð Íslands.

Við viljum færa börnum okkar og barnabörnum sjálfsákvörðunarréttinn sem við töldum eðlilegt að fá í á arf frá fyrri kynslóðum. Og hvað þýðir það? Það þýðir að með honum gerum við okkar eigin samninga við aðrar þjóðir. Við keyrum okkar eigin stefnu í mannréttinda og umhverfismálum. Tryggjum aðgengi að mörkuðum og samstarfi í vísindum og menntum. Við Íslendingar við þrífumst á samstarfi við aðrar þjóðir. Þar býr vinátta og hlýhugur að baki og við Íslendingar mælumst sem eitt friðsælasta land í heimi sem skiptir máli í breyttri heimsmynd.

Ég sagði ykkur litla sögu áðan en saga minnar fjölskyldu er ekkert merkilegri en saga ykkar fjölskyldu og þetta er í raun sameiginleg saga okkar allra. Með fórnfýsi þeirra sem á undankomu hefur kynslóðunum tekist að byggja upp ein bestu lífskjör í heimi á Íslandi. Við erum í algjörum sérflokki þegar kemur að samanburði við aðrar þjóðir. Svo ég tali nú ekki um þjóðir innan Evrópusambandsins. Við erum í meistaradeild. Evrópusambandið í núverandi formi er í besta falli að keppa um miðja aðra deild. [fagnaðarlæti]

Löndin, löndin sem bíða á biðlistanum og eru næst inn í Evrópusambandið það eru lið sem keppa í efnahagslegri utandeild. [fagnaðarlæti] Að lokum þetta staldrið núna aðeins við horfið aðeins í kringum ykkur í salnum. Sjáið þið hvaða fólk er komið hérna og tengið við þetta fólk. Við munum hittast aftur. Þið megið líka brosa. Það er sumar. Við erum öll rjóð og sæl. Og þetta eru svo þrúgandi aðstæður að þið megið líka aðeins svona bara lyðka axlirnar. Sko barátta áfram Íslands verður rekin á jákvæðum og uppbyggilegum nótum. Ég hafna þeirri kenningu sem rangri að það þurfi að níða skóinn af náunganum.

Það að þurfa að leggjast í einhver drullu pytt til þess að geta náð árangri í þessari umræðu. Við tölum á málefnalegum, yfirveguðum og jákvæðum nótum. Við tölum við fólkið í landinu en ekki yfir það. Til þeirra sem vilja reyna að sundra þessum hópi. Ykkur mun ekki takast. til þeirra sem ætla að fara í persónuníð og byrja að grafa undan einstaklingum sem stíga fram og vilja tala fyrir því að Ísland standi utan Evrópusambandinu.

Við munum ekki taka þátt í þeirri umræðu. Við munum ekki fara niður á það plan. Þetta fólk getur leikið sér í því þeim drullupolli upp á sitt eindæmi, til þeirra hins vegar. [fagnaðarlæti] Til þeirra hins vegar, [fagnaðarlæti] sem vilja taka þátt í jákvæðri og uppbyggilegri umræðu hringinn í kringum landið næstu vikurnar yfir hásumarið. Verið þið velkomin. Gangið til liðs við Áfram Ísland á aframisland.is. Innan okkar vébanda er pláss fyrir alla.

Hér eru fulltrúar ungliðarhreyfinga stjórnmálaflokkanna, allra þessara samtaka, sem berjast gegn aðild Íslands að ESB. Sama hvort það er heimsýn til vinstri við ESB eða hvað þetta heitir allt saman. Og síðan er auðvitað bara fólkið í landinu, fólkið sem vill láta til sín taka. Og á það sannmerkt að þann 29. ágúst göngum við samhent á kjörstað og við munum kyrja saman þannig að undirtaki í fjöllunum. Nei við ESB. [fagnaðarlæti] [fagnaðarlæti]

Nú förum nú förum við í formlega dagskrá fundarins. Við erum með þrjá afburða ræðumenn sem munu halda stutt erindi hérna í dag. Og öfugt við annað fólk þá erum við ekki hér til þess að tala á ykkur eða yfir ykkur heldur bjóðum við í lokin til samtals og opinna spurninga sem að frummælendur munu svara. Við munum hafa sama háttinn á framtíðarfundum. Það er að segja við erum hérna komin til samtals, ekki til þess að tala yfir hópinn.

Nú fyrstur á mælendaskrá er Björn Zoëga. Björn Zoëga er læknir eins og þið vitið og er þjóðinni að góðu kunnur sem sjúkrahúsforstjóri. Hann var forstjóri Landspítala sjúkrahúss um árabil.

Hann bjó í Svíþjóð á þeim tíma þegar að Svíþjóð gekk í Evrópusambandið og hafnaði upptöku Evru.

Hann er mikill hæfileikamaður og krafta hans kraftar hans uh eru í eftirspurn víða. Hann starfaði sem forstjóri besta sjúkrahússins eða eins þeirra Karólínska sjúkrahússins í Stokkhólmi en starfar nú og haldið ykkur fast í Sádi Arabíu stærsta sjúkrahúsið í Sádi Arabíu. Hann er víðsýnn hefur komið víða starfað innan og utan ESB og er alþjóðasinni í eðli sínu. Björn gjörðu svo vel.

Björn Zoëga: Gaman að sjá ykkur. Ógeðslega gaman að vera hérna. Eh það eru margir sem hafa verið að spyrja mig af hverju ég sé eitthvað að skipta mér að þessu hérna. Ég ekki búinn að búa á landinu í meira en 10 ár. En ástæðan er sú að ég á auðvitað fullt af vinum og kunningjum og ég er Íslendingur og svo fjölskyldan mín er auðvitað stór hluti af mínu lífi sem er hérna. Og ég er í raun og veru hér í dag af því mamma á afmæli í dag sko hún er hún er 81 árs og hún er hérna með [fagnaðarlæti] ykkur.

Ég vil ég vil þó bara segja hérna eins og var nefnt áðan af hverju erum við að þessu? Ég bara skil það ekki. Ég fylgist nokkuð vel með yfir höfuð og í hérna í umræðunni og les það sem er að gerast þó ég sé langt frá. En ég er alltof praktískur til þess að geta skilið í raun og veru af hverju við erum að þessu.

Og þess vegna langar mig til þess að segja ykkur nokkra hluti og þar er það að þetta er auðvitað eitthvað eins og er persónulegt annað ekki en þið takið það bara fyrir það sem þau er. Ég bjó eins og sagt áður í Svíþjóð við nám og síðan störf þegar Svíarnir gengu inn í Evrópusambandið. Þegar þeir gengu inn í Evrópusambandið þá voru þeir í djúpri kreppu og þetta átti að vera ein af lausnunum og það kannski hjálpaði þeim eitthvað.

Ég veit það ekki en ég veit það þó að þá var ég búinn að búa í Svíþjóð í tvö ár hverjum einasta föstudag þá verslaði ég inn í matinn fyrir fjölskylduna alla vikuna og það gerðist ekkert með matarverð þegar þeir gengu í Evrópusambandið bara svo að það sé á hreinu. Það getur vel gerst áður en ég flutti út en það gerðist ekki við inngöngu í Evrópusambandið.

Það eina sem gerðist í inngöngu í Evrópusambandið þeir fengu undanþágu fyrir að vera með hérna snus [hlátur] sem Norðmenn hafa ekki fengið þrátt fyrir að vera ekki í Evrópusambandinu. Uh og það er svona eins og maður fann mest fyrir. Síðan var ég einnig þarna í landinu þegar þeir sögðu þegar að yfirvöld, það er að segja stjórnmálamennirnir voru næstu allir sammála um það að það ætti að fyrst við værum í Evrópusambandinu, ætti að taka upp evru. En þjóðin í atkvæðagreiðslu sagði nei.

Ég er ekki mikið fyrir að segja nei en þetta skipti ætla ég að reyna að segja nei því að ég vill vera praktískur. Það er ekki að sjá á efnahag Svíþjóðar að þetta hafi skipt einhverju stóru kostlegu

máli. Það skiptir engu máli þó að hérna fyrirtækin þar gera upp í evrum ef þeir eru að selja meginpartinn af sínum vöru til Evruríkja. Og ef þið í bara þessum dæmi þá er núna eins og Svíarnir kalla kaldur húsnæðismarkaður vegna þess að vextirnir eru of háir og þeir eru 2 kom ég borga 2,2% vexti af eign í Svíþjóð óverðtryggt og þetta er þeirra krísa í vöxtum og húsnæðiskerfi.

Þannig að efran er ekki og það vita það allir ef við erum bara praktísk að fara í 10 ára - hérna feril fyrir þetta, það mun bara taka fókusinn fullt af öðrum hlutum. Þegar það var farið af stað síðast þá var ég forstjóri Landspítalans og hafði þess vegna mikil samskipti við hvað að segja kerfið hvort sem það var fjármála, heilbrigðis og menntamála.

Kerfið hafði engan tíma til að tala við mig um heilbrigðiskerfið. Þannig að ég fékk að sjá um Landspítalann sem að mér fannst svo sem ágætt að þeir ekki að skipta sér að því. Ég held það hafi gengið nokkuð vel. En það var svo greinilegt að stjórnmálamenn voru bæði að rífast um þetta og kerfið í þessari heild. Bara réð ekkert við það að þurfa að hugsa um hið daglega líf sem ég skil og umsóknarferil eða aðlögunarviðræður eða hvað sem við getum kallað þetta.

Við vitum auðvitað að á Íslandi þarf stöðugt að vera að breyta og bæta. Öll þjóðfélagi er þannig. Umhverfið er að breytast. Við vitum líka að það er fullt af góðum hlutum á Íslandi en ef við ætlum að breyta og bæta þá getum við ekki sett allt í stopp í einhverju tvö þrjú fjögur fimm ár meðan við erum að athuga hvað er í pakkanum sem er í raun og veru engin pakki og allir vita hvað er.

Við vitum að til þess að þetta gangi alveg þá verður þjóðin að ráða sínum eigin málum. Þá ekki að færa vald sem forfeður okkar og aðrir hafa komið svo til að við höfum okkar eigin örlög í hendi okkar. Bara skil það ekki. Ef maður sleppir tilfinningasemin í þessu þá er það bara praktískt - vill maður að einhver annar sé að vasast í mannsmálum? Ég held ekki. Ég held að það sé ekki gott. Sérstaklega ekki fyrir okkur sem Íslendinga.

Og ég hef auðvitað aðra reynslu og ég vann innan Evrópusambandsins þegar ég var forstjóri Karlolinska spítalans, þá var ég líka að tímabili formaður samtaka evrópskra háskóla sjúkrahúsa. Og ég átti það til að þurfa að fara til Brussel að reyna að hafa áhrif á þeirra stefnu í heilbrigðismálum yfir höfuð.

Ég segi reyna hafa áhrif á það af því að þegar við vorum komin á þessa fundi þá var ég og framkvæmdastjóri samtakanna kannski einn svona af stóru - stóru sjúkrahúsunum í Þýskalandi sem kom með mér og við hittum þar fyrir 20 manna nefnd sem skrifaði niður hvað við sögðum og sögðust skyldu athuga þetta, en þeir gerði ekki neitt. Notuðu ekki þessa ótrúlega þekkingu sem var í okkar samtökum og við heyrðum aldrei frá þeim.

Jú reyndar við heyrðum um aðeins í gegnum Covid. Byrjunin á Covid þá vorum við svona aðeins að hlusta á hvað við töldum væri rétt að gera en svo tók pólitíkin yfir þar. En að öðru leyti hafa þau ekki hlustað á okkur. Þeir höfðu smá skoðun á tímabili á því. Þegar við hittum það þá voru í

þessum samtökum sjúkrahús í eitt sjúkrahús stærsta sjúkrahús í í Bretlandi eða Englandi og þeir höfðu spurðu okkur ætlið þið ekki að henda þeim út úr samtökunum?

Þeir eru ekki hluti af Evrópu. Við hlustuðum nú ekkert á það því að við vorum að horfum á Evrópu sem mikið stærra heldur en Evrópusambandið. Þetta er eins og það er að eiga við og þess vegna hef ég töluverðar áhyggjur af því að hvernig ætlar embættismannakerfið hvernig ætlar systir að eiga við þetta gífurlega stærð og vald og bákn sem Brussel og Evrópusambands embættismannakerfið er þar?

Ég bara sé segi enn og aftur út frá praktísku forsendum þá held ég að við verðum undir í þeirri baráttu. Ver það kannski ekki fyrsta árið eða annað árið eða þriðja árið meðan það er svona einhver svona einhverjir góðir molar sem eru detta í áttina. En ef við horfum til framtíðar þá get ég ekki séð að það sé rétt. Því að komandi frá því að vinna mikið í Svíþjóð þá veit maður allt um regluverk.

En Evrópusambandið það er regluverk. Og ég bara segi það núna ég eftir að ég er ekki að vinna innan Evrópusambandsins en ég sé núna fer ég á töluvert á fundi fyrir hérna yfirmenn mína í Sádí, sem að ekki eru bara um heilbrigðismál heldur um pólitík og efnahagsmál og auðvitað gervigreind. Alþjóðlega fundi og þar byrja allir fundir á því núna sem er verið að tala um einhverja strategíu eða peninga eða gervigreind, jafnvel varnarmál, þá sé á því miður Evrópa - þetta er ekki að ganga vel og þetta er þetta er niðurleið

Og það er svona eins og maður er stundum eins og - maður sé að hlusta á - hvað að segja - svona útfararæðu, en svo er það þannig að ég var líka núna í Genf á fundi hjá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni og DAVOS samtökunum um gervigreind og heilbrigði og þar byrjaði á því að hlusta á einhvern mann sem segist vera fulltrúi Evrópusambandsins í það að koma böndum á gervigreind í heilbrigðiskerfinu. …Hann kynnti, byrjaði á því að segja nú benti á, að tvær stórar reglugerðir sem hafa verið settir um um heilbrigðismál af Evrópusambandinu…

Hann byrja að segja þetta er stórkostlegt við erum búin með þessar tvær reglugerðir og ég rétti þá strax upp hendina og sagði Heyrðu ég er nú búinn að vinna undir þessum reglugerðum því miður. Þetta hefur bara kostað peninga, ekki breytt einu einasta lífi eins og einasta sjúklings.

Og þá kynnti hann - hvað á að segja stefnu Evrópusambandsins í gervigreind í heilbrigðismálum og ég skildi ekki neitt í henni. En þá stóð einn Kaninn upp og sagði þetta er það venjulega „America innovates Europe regulates“ sagði við erum praktísk eyðum ekki tíma í að aðlögunarviðræður leysum málið sjálf. Ég nota oft eitt orð um það að það þarf að gera eitthvað „just do it“. Takk fyrir. [fagnaðarlæti] [fagnaðarlæti]

Við þökkum Birni kærlega fyrir og þið sjáið þetta er svona smám saman að taka á sem mynd. Svona munum við reka baráttuna kalla fólk til leiks sem lýsir raunveruleikanum eins og blasir við

þeim út frá þeirra sérsviðum. Næst á dagskrá er ungur lögfræðingur Lára Herborg Ólafsdóttir og hún er líka kennari við Háskólann í Reykjavík og útskrifaðist úr Berkley háskólanum í Kaliforníu.

Lára er einn helsti sérfræðingur þjóðarinnar í upplýsingatæknirétti, hugverkarétti og útboðsrétti og hefur sinnt ráðgjöf til fyrirtækja, sveitarfélaga og stofnana meðal annars við innleiðingu gervigreindarlausna og heilbrigðistækni. Við skulum bjóða hana velkomna á svið. [fagnaðarlæti]

Tími 22:46

Lára Herborg Ólafsdóttir: Kæru vinir, hver er verðmætasta eign okkar Íslendinga? Er það græna orkan? Eru það fiskimiðin, landbúnaðurinn? Hugverkaiðnaðurinn? [ræskir sig] Eða er það hugsanlega eitthvað sem við leiðum sjaldnar hugann að. Ég er þeirrar skoðunar að verðmætasta eign okkar Íslendinga sé frelsið til að taka okkar eigin ákvarðanir á okkar eigin forsendum og út frá okkar eigin hagsmunum. [fagnaðarlæti] [fagnaðarlæti]

Þetta frelsi er ekki síst dýrmætt þegar heimurinn breytist hratt og nýjar áskoranir blasa við sem kalla bæði á viðbragðsgetu og sveigjanleika. Spurningin sem borin verður undir þjóðina 29. ágúst næstkomandi um, hvort hefja eigi aðildarviðræður við Evrópusambandið, er í mínum huga stjórnskipuleg spurning. Með öðrum orðum hún snýst um breytingu á íslensku stjórnskipulagi.

Hún snýst um það hvar endanlegt vald á að liggja þegar kemur að íslenskum málefnum og íslenskum hagsmunum. Og ég vil bara sérstaklega taka það fram að Evrópusamstarf hefur hingað til verið og mun áfram vera gríðarlega mikilvægt fyrir Ísland. En það er ekki síður mikilvægt fyrir upplýsta umræðu að við greinum skýrt á milli EES samningsins og aðildar af Evrópusambandinu vegna þess að umræðan snýst ekki bara um hvaða reglur við tökum upp heldur líka um það hver tekur endanlegar ákvarðanir þegar öllu er á botninn hvolft.

Hverju ráðum við sjálf í dag og hvað mun augljóslega breytast við aðild. Þarna liggur að mínu mati kjarni málsins. Umræðan undanfarið hún hefur mikið snúist um það að fólk vilji fá að sjá hvað leynist í samningi við Evrópusambandið og mikilvægi þess að fá að kíkja í pakkann og jafnvel áður - áður en það myndar sér skoðun á Evrópusambandsaðild.

Hvort við fáum undanþágur, hvað gerist með sjávarútveginn, hvernig verður með landbúnaðinn. Allt eru þetta mikilvægar spurningar og mikilvægar raddir sem eiga alla rétt á sér. En áður en við ræðum um hugsanlegan samning og hvernig hann mun eða mun ekki líta út þá finnst mér mikilvægt að við tökum skref til baka og spyrjum einfaldlega hvað við Evrópusambandsaðild vitum við?

Og er raunar óumdeilt og þá þannig að við getum tekið upplýsta afstöðu til þess hvort við viljum yfir höfuð leggja af stað í áralanga og kostnaðarsama vegferð ja - að hér virðist forvitni einnar saman og hvað höfum við núna EES samningurinn hann veitir okkur aðgang að hluta af innri markaði Evrópu og þeim tækifærum sem fylgja frjálsum viðskiptum og samstarfi.

En þótt við innleiðum reglur í gegnum EES þá felur aðild að Evrópusambandinu í sér allt annars konar stjórnskipulegt fyrirkomulag og þetta er ekki einhver formsatriði. Aðild okkar af EES samningnum og þetta er mikilvægt. Aðild okkar af EES samningnum og það að standa utan Evrópusambandsins felur í sér stjórnskipulegt svigrúm. Við berum sjálf ábyrgð á því hvernig reglur eru innleiddar í íslenskan rétt, hvernig þeim er framfylgt og hvernig þær eru útfærðar innan íslensks stjórnkerfis.

Og þegar á reynir þá eru það íslenskir dómstólar sem hafa endanlegt úrlausnaravald um hvaða reglur gilda og hvernig þær skuli túlka þær. Aðild af Evrópusambandinu felur aftur á móti í sér víðtækt framsal á ákvörðunvaldi og auk þess í málefnum sem við stýrum alfarið sjálf í dag. Þarna erum við að tala um utanríkisstefnu.

ESB talar einni röddu á alþjóðavettvangi. Þetta er tollabandalag. Við erum að tala um fríverslunarsamninga, fiskveiði, landbúnað svo dæmi séu tekin. Frelsi okkar til þess að gera fríverslunarsamninga við önnur ríki út frá okkar eigin hagsmunum hverfur á braut. Varnagli EES samningsins að Alþingi þurfi að samþykkja lög til að þau taki gildi hérlendis hverfur líka braut.

Evrópudómstóllinn í Lúxemborg mun hafa endanlegt úrlausnarvald um umfangsmikinn hluta löggjafar á Íslandi. Lög Evrópusambandsins munu ganga framar og dómar Evrópudómstólsins á málefnasviðum ESB munu binda hendur íslenskra dómstóla.

Því lengri sem leiðin verður milli borgaranna og þeirra, sem fara með endanlegt ákvörðunarvald. Því mikilvægara er að við spyrjum okkur hvort sú grundvallarbreyting á stjórnskipan landsins þjóni lýðræðislegri ábyrgð og hagsmunum Íslands best. Þetta stjórnskipulega svigrúm sem við búum yfir í dag er raunverulegt og fyrir litla þjóð getur það eitt og sér skipt sköpum þegar raunverulega reynir á grundvallarhagsmuni þjóðarinnar.

Það hefur til dæmis sannað sig hve íslenskir dómstólar gegna veigamiklu hlutverki þegar hagsmunir þjóðarinnar á grundvelli íslenskra laga eru annars vegar og það jafnvel þótt íslensk lög byggi á fyrirmyndum frá Evrópusambandinu. Þegar þjóðarhagsmunir eru undir skiptir miklu máli hvar endanlegt ákvörðunarvald liggur og í hvaða stjórnskipulega umhverfi slíkar ákvarðanir eru teknar.

Ég leyfi mér að nefna til dæmis neyðarlögin í þessu sambandi þar sem að íslenskar innstæður voru teknar fram yfir aðrar kröfur eins og við kannski flest hér inni munum eftir. Þegar ég tek afstöðu til spurningarinnar 29. ágúst næstkomandi þá lít ég til sögunnar og þeirra þjóðarhagsmuna sem felast í því að æðsta ákvörðunarvald í málefnum Íslendinga sé í allri þrígreiningu ríkisvaldsins á Íslandi.

Höfum líka í huga að við yrðum alltaf eitt minnsta aðildarríki í Evrópusambandinu og hver eru raunveruleg áhrif 400.000 manna þjóðar í fjölþjóðlegu stjórnkerfi sem þjónar 450 milljónum

íbúa þar sem ólíkir og oft mjög umfangsmiklir hagsmunir kalla á málamiðlanir og sameiginlegar niðurstöður. Þar sem að stór ríki fara með mun dýpri pólitíska rödd.

Ákvarðanir sem að við tökum sjálf í dag yrðu framvegis teknar í samstarfi við önnur ríki. Og fyrir mér er þetta ekki smávægilegt atriði heldur grundvallarspurning um breytingu á íslensku stjórnskipulagi og það er staðreynd. Evrópusambandið stendur frammi fyrir áskorun. Við vitum það og þetta eru ekki einhver jaðarmálefni.

Þetta er spurning um framtíðarhorfur og að skoða það að framselja að miklu leyti löggjafarvald, framkvæmdavald og dómsvald á jafn breiðu málefnasviði og hér um ræðir kallar einfaldlega á það að við spyrjum okkur hvort að þróunin sé til þess fallin að þjóna langtíma hagsmunum Íslands best. Við verðum líka að taka mið af stöðu ársins 2026.

Raunveruleikanum sem við búum við í dag. Ekki forsendum frá árinu 2009. Heimurinn hefur tekið stakkaskiptum. Stakkaskiptum. Við stöndum bókstaflega á tímamótum í heimsögunni þar sem að tækniþróun er að gjörbreyta samfélögum, atvinnulífi og alþjóðlegri samkeppni á hraða sem við höfum ekki kynnst áður. Geopólitísk staða er gjörbreytt.

Enginn veit með vissu hvernig næstu þrjú, fimm eða 10 ár muni líta út. Svo ört er heimurinn að breytast. Í dag er Ísland ein ríkasta þjóð í heimi og við skipum efstu sæti lífskjaralista. En í dag þurfa þjóðir líka að hlaupa til að standa ekki í stað. Næstu 10 ár eru sennilega árin sem munu móta stöðu okkar í heimi nýrrar alþjóðlegrar samkeppni. [truflun á ræðu]

Já bara ég ætla bara að segja það aftur. Næstu 10 ár eru sennilega árin sem munu móta stöðu okkar í heimi nýrrar alþjóðlegrar samkeppni. Og það er einmitt þess vegna sem að stjórnskipulegt svigrúm sem að við búum yfir í dag getur orðið einn okkar mesti styrkleiki á komandi árum.

Að geta brugðist hratt við [fagnaðarlæti] að geta klárum þetta að geta brugðist hratt við lagað okkur að nýjum aðstæðum tekið okkar eigin ákvarðanir á okkar forsendum og út frá okkar þjóðhagslega mikilvægu hagsmunum. Stjórnskipulegt svigrúm er ekki formsatriði. Það er auðlind til framtíðar og slíka auðlind eigum við að varðveita. Takk fyrir. [fagnaðarlæti] [fagnaðarlæti]

Halldór Benjamín: Við þökkum Láru Herborgu kærlega fyrir hennar erindi. Næstur til að stíga á stokk er Ólafur Ragnar Grímsson fyrrum um forseti Íslands. Afsakið og fyrsti prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands. Eins og þið vitið hefur hann gengt fjölda forystustarfa á alþjóðavettvangi og var meðal annars stofnandi hringborðs norðurslóða. Kæru gestir, bjóðum herra Ólaf Ragnar Grímsson velkomin. [fagnaðarlæti] [fagnaðarlæti]

Tími: 36:00

Ólafur Ragnar: Ég [fagnaðarlæti] ég hélt ég væri nú eiginlega hættur að tala á fundum. Minnsta kosti er ég hættur að velta mikið fyrir mér örlögum flokkanna í landinu og jafnvel kannski á vissan hátt hættur að hafa áhyggjur af því hvers konar ríkisstjórn er í landinu.

En mér er ekki sama lýðveldið. Mér ekki sama um árangurinn af þeim hundrað árum sem það tók að færa Íslandi fullgildan rétt í samfélagi þjóðanna frá því að Alþingi kom fyrst saman á ný 1845 og þar til lýðveldi var fagnað á Þingvöllum 1944.

Mér er heldur ekki sama um árangurinn af áratuga baráttu fyrir útfærslu landhelginnar. Ég ólst upp vestur á fjörðum þar sem erlendir togarar voru vikulega að koma til hafnar. Og ég þekkti það af minni eigin reynslu hvers konar ofurmannlegt átak það var fyrir þessa litlu þjóð að fá fullan og óskoraðan rétt yfir tvö hundruð mílna fiskveiðilögsögu.

Og mér er heldur ekki sama um það hvað verður um þann mikla árangur sem kynslóðirnar hafa náð í þessu landi. Þegar við fengum heimastjórn [árið 1904] voru engir vegir á Íslandi. Það var engin höfn. Þegar kóngurinn kom nokkrum árum síðar þá þurfti að ferja hann á skekktu í land því það var engin höfn í Reykjavík.

Það voru engar brýr og jafnvel þegar ég var að alast upp vestur á fjörðum á Þingeyri, þá voru engir vegir í næstu firði og þá lokuðust allir möguleikar til þess að fara burt tíu mánuði á ári og einu tengslin við aðra landshluta voru strandferðaskipin sem komu einu sinni eða tvisvar í mánuði, og þegar ég fór út til háskólanáms í Bretlandi, þá þurfti að sækja um sérstakan námsmannagjaldeyri í Landsbankanum.

Ég er nægilega gamall til að muna alla þessa þróun. Þegar ég fæddist var danski kóngurinn ennþá höfuðið á Íslandi. Ég er sannfærður um það, að það er okkar eigin vilji, okkar eigin geta sem hefur fært okkur í fremstu röð þjóða heimsins, eins og hér var sagt fyrr í dag.

Blessunarlega hef ég fengið á undanförnum árum að fara vítt og breitt um veröldina, ekki bara í Evrópu heldur í Asíu, Afríku, Suður-Ameríku, Norður-Ameríku, Bandaríkjunum, Kanada, Mið-Austurlönd. Og ég hef kynnist því af eigin raun hvernig forystumenn í öðrum löndum horfa á þróun Íslands sem ákveðinn galdur.

Hvernig var þetta hægt að vera nú, frá því að vera á fyrstu áratugum minnar ævi ein af fátækustu þjóðum Evrópu, í efstu sætum á nánast öllum töflum sem gerðar eru alþjóðlega til þess að sýna árangur þjóða. Bara í síðustu viku kom skrá yfir tíu ríkustu þjóðir í Evrópu.

Í þremur af fimm efstu sætunum voru Noregur, Sviss og við. Engin þeirra, engin þeirra í Evrópusambandinu, engin þeirra með Evru, afgerandi sönnun þess að það er ekki forsenda þess að ná árangri fyrir þjóð að ganga þá vegferð sem núna er verið að biðja þjóðina um að samþykkja.

Ég hélt satt að segja að það væri staðfestur vilji þeirrar nýju kynslóðar, sem nú skipar forystu Íslands, að halda áfram á þessari árangursbraut sem fyrri kynslóðir hafa fært okkur, að byggja upp í landi sem er á stærð við England. Ef þú tekur Skotland og Wales í burtu, þá er Ísland á stærð við England.

Við vorum ekki hundrað þúsund manns þegar við byrjuðum þessa þróun, en okkur hefur tekist að byggja alla þessa innviði, sjúkrahús, skóla, flugvelli, mennta fjölmennar kynslóðir, senda þau út allan heim til þess að sækja sér menntun.

En nú á allt í einu að fara að taka einhverja u-beygju, í stað þess að það sé áfram Ísland er nú boðað að taka u-beygju og reyna að sannfæra okkur um það, að okkur sé best borgið með því að afhenda erlendum framandi aðilum stóran hluta af okkar löggjafarvaldi, framkvæmdavaldi og dómsvaldi.

Að þeir úti í Brussel séu betur færir um að stjórna framtíð Íslands heldur en við. Það eru fjörutíu þúsund embættismenn hjá Evrópusambandinu í Brussel. Til viðbótar þrjátíu þúsund hagsmunaverðir. Sjötíu þúsund manna sveit sem dag og nótt í þessari borg er að tryggja sína hagsmuni og höldum við að þeir muni bera stöðu Íslands sérstaklega fyrir brjósti?

Ég hélt satt að segja í einfeldni minni að þegar boðað var að það ætti að fara fram atkvæðagreiðsla ekki seinna en á næsta ári, 2027, að þá væri ætlunin að taka heilt ár í upplýsta umræðu um þetta veigamikla skref, þetta stærsta skref sem hefði verið stigið fyrir íslenska þjóð á síðustu áratugum. Nei, það er bara rokið til og sagt að klára þetta fyrir haustið. Klára þetta fyrir haustið. Klára hvað? Ég fór, eins og sum ykkar kannski vitið, í þetta podcast Chess After Dark, fyrir tveimur mánuðum síðan og meginboðskapurinn minn þar var að við þurfum upplýsta umræðu.

Við þurfum raundæmi. Við þurfum að skoða hvað mælir með og hvað mælir gegn. Við þurfum að rannsaka hvernig stendur á því að enginn nágrannaþjóða okkar Íslendinga hefur talið hagsmunum sínum best borgið með því að ganga í Evrópusambandið. Enginn. Ekki Grænlendingar, ekki Færeyingar, ekki Norðmenn, ekki Bretar.

Hvernig stendur á því að ekkert norrænt ríki er með evru nema Finnland? Og það er neðst allra norrænna ríkja á þessari árangursská sem ég nefndi hér áðan, og atvinnuleysi unga fólksins í Finnlandi með evruna og í Evrópusambandinu er næstum því tuttugu og fimm prósent. Næstum því fjórði hver ungur Finni á aldrinum fimmtán til tuttugu og fimm ára er atvinnulaus.

Er það framtíðin fyrir íslenska æsku sem við viljum bjóða fólkinu á næstu árum og áratugum er að deila atvinnuleysi ungu kynslóðanna í Evrópusambandinu? Nei, nei. Utanríkisráðherra Spánar var sérstakur heiðursgestur utanríkisráðherra fyrir skömmu. Þau héldu fagnaðarstund árangurinn af Evrópusambandinu. Það gleymdist alveg að spyrja utanríkisráðherra Spánar: „Hvað er atvinnuleysi ungs fólks mikið í Spáni?“

Það er líkt og í Finnlandi, nærri því tuttugu og fimm prósent. Þannig getum við farið land úr landi. Ég nefndi líka að bæði Svíar Danir felldu í þjóðaratkvæðagreiðslu að taka upp evru. Hefur það orðið þeim til tjóns? Nei. alls ekki. Hver er ástæðan fyrir því að Pólverjar, sú af stærstu þjóðunum á meginlandi Evrópu, er í hvað mestum og öflugustum vexti með sitt hagkerfi? Er það kannski það að þeir eru, hafa kosið að taka ekki upp evru?

Svíþjóð, Danmörk, Pólland, Tékkland. Allt árangursrík lönd auðvitað ásamt okkur og Sviss og Norðmönnum. Þannig að mantra um það að „Evru Ísland óskalandið, hvenær kemur þú?“ [Tilvísun í kvæði frá 1935: „Sovét-Ísland óskalandið, hvenær kemur þú?“] Muni færa okkur gull og græna skóga er einhver mesta villukenning sem hægt er að setja fram út frá hagfræðilegu sjónarmiði. Og þess vegna, og þess vegna er það í þessari umræðu að við sem erum hér saman komin undir þessu bjartsýna merki Áfram Ísland, við biðjum bara um staðreyndir, staðreyndir, staðreyndir.

Það er sú umræða sem við viljum leiða á næstu vikum og fram að kjördegi. Þorsteinn Pálsson. Það er kannski lagið að nefna hann í þessum sal. Var sendur fram á vettvang og stað þess að ræða á opinn og málefnalegan hátt hvernig stendur á því að öll nágrannaríki Íslands eru fyrir utan Evrópusambandið, þá fann hann loftlínu. Loftlínu frá Reykjavík til Dublinar sem væri styttri en sú til London.

Hann gleymdi því að Bretlandseyjar byrja í Skotlandi. Og stað þess að ræða opið og hreinskilið hvernig stendur á því að þau hafa öll talið það sér fyrir bestu og staðinn fyrir að ræða opið, af hverju eru Pólland, Pólverjar ekki með evru? Af hverju eru Svíar ekki með evru? Af hverju er bara Finnland með evru? Þá var farið einhverjar sérkennilegar krókaleiðir með einhverja loftlínu. Og svo er sagt: „Við þurfum að kanna þetta. Við þurfum að sjá. Við þurfum að sjá.

Það má margt segja um Evrópusambandið, en þeim til hróss þá hafa þeir alltaf lagt öll skjölin á borðið. Þeir eru opið kerfi hvað það snertir. Opin bók fullkomlega. Hver og einn getur notað símann sinn eða tölvuna til að fara á netið og skoða hvað felst í því að ganga í Evrópusambandið.

Hvað felst í því að Evrópudómstóllinn fær æðsta vald í dómsmálum á Íslandi? Og ekki bara það, úrskurðar! Úrskurður hans munu taka laga gildi á Íslandi. Löggjafarvaldið verður takmarkað, ekki bara af kommissaranum í Brussel, heldur af Evrópu - Evrópudómstólnum sjálfum. Og kommissararnir geta sent okkur tilskipanir sem verða að æðri samþykktum Alþingis.

Ég skrifaði doktorsritgerð samskipti konungsvaldsins við leiðtoga íslenskrar sjálfstæðisbaráttu. Þessi umræða minnir mig á allar þær rannsóknir. Að við höfum ekki endanlegt og skýrt vald vegna þess að það er lagt til að við framseljum það.

Og ef menn í alvöru trúa því að þetta sé könnunarleiðangur. Þá bið ég menn með fullri virðingu að minnast Jóhönnu og Steingríms á jákvæðan hátt. Jóhanna og Steingrímur voru ekkert að fela

það að þau voru að ganga í Evrópusambandið. Þið getið flett öllu því sem þau sögðu. Þið finnið engan staf um það að það sé verið að kanna hvað kom út úr þessu. Viljið þið sjá? Viljið skoða?

Nei. Þau voru eins og öll forystusveit Evrópusambandsins sem eru þeirrar skoðunar að verði þessu ferli ýtt úr vör á nýjan leik, byggt á ákvörðunum Jóhönnu og Steingríms, þá er það fullgild umsókn um aðild að Evrópusambandinu. Við verðum í augum Evrópusambandsins umsóknarríki um aðild. Það er veruleikinn. Um það snýst það.

Svo segja menn þegar á þetta er bent. „Jú, en kannski við getum fengið undanþágur.“ Það minnir mig þegar Mitterand kom hingað til Íslands á sínum tíma og það var verið að ræða við hann um þessa evrópsku samninga og íslensku ráðamennirnir sögðu: „Ja, svo þurfum við að fá undanþágu fyrir þessu og undanþágu fyrir hinu.“

Og þá sagði Mitterand: „Heyrðu, samningur getur ekki verið bara eintómar undanþágur." Eigum við ekki að taka mark á Uffe Ellemann-Jensen? Flestir hér í salnum eru nægilega aldraðir til að muna Uffe Ellemann-Jensen, utanríkisráðherra Dana, mikill Íslandsvinur, harður Evrópusinni talsmaður Evrópusambandsins, sagði við okkur Íslendinga: „Ef þið viljið ekki ganga í Evrópusambandið eins og það er, þá skuluð þið gleyma þessu.“

Og ef okkur finnst ekki nóg að rifja upp þessi varnaðarorð Uffe Ellemann-Jensen, þá hvet ég ykkur öll til að fara á heimasíðu Viðreisnar. Þar er ræða heiðursgestsins á landsfundinum fyrir örfáum misserum. Guy Verhofstadt, fyrrum forsætisráðherra Belgíu, forystumaður í Evrópusambandinu, kallaður sérstaklega sem heiðursgestur á landsfund Viðreisnar og var hylltur í lokin með standandi lófaklappi og sem Bretar kalla „standing ovation“ fyrir boðskapinn, og hver var hann?

Jú, hann sagði alveg skýrt: „Það á ekkert að vera að ræða undanþágur. Það á bara að ganga í Evrópusambandið eins og það er og taka þátt í því með okkur sem nú erum í Evrópusambandinu að breyta því í sambandsríki.“ Og það var honum ekki nóg. Breyta því í heimsveldi. New Empire.

Og ef þið trúið mér ekki, farið bara á heimasíðu Viðreisnar. Þar er þetta algjörlega ómengað, og hann var hylltur fyrir boðskapinn. Nú er sagt: „Heyrðu, við þurfum bara að sjá. Við vitum þetta ekki. Við vitum þetta ekki.“ Jú jú, það eru undanþágur. En þær eru bara smotterí. Danir fengu undanþágu fyrir litla sumarbústaði. Finnar, eins og við erum búin að heyra oft í umræðum landbúnaði, hafa eins og sagt er, fengu undanþágu fyrir heimskauta landbúnað. Og við ættum að fá svona undanþágu líka fyrir heimskauta landbúnað er sagt.

Hvernig er þessi undanþága Finna? Ég skal segja ykkur það. Hún er þannig að ríkissjóður Finnlands má leggja skatta á alla Finna, til að borga peninga í vasa annarra Finna, sem stunda landbúnað. Þeir fá sem sagt heimild til að leggja skatt á sjálfan sig til að styrkja bændur. Það er allt og sumt sem þessi heimskauta landbúnaðar undanþága fjallar um, þeim er góðfúslega gefið leyfi til að skattleggja Finna.

Þannig getum við haldið áfram og áttað okkur á því, að Evrópusambandið eins og það er, er algjörlega ljóst með stofnununum í Brussel Þinginu, kommissionunni, dómstólnum. Valdastrúktúrnum sem þar hefur verið búinn til með fjörutíu þúsund embættismönnum. Þau þrjátíu þúsund hagsmunaverðir ætla sér að glíma við hvern einasta dag ársins.

Og svo er sagt: „Já en við fáum sæti við borðið.“ og þið hafið kannski séð fréttirnar í fyrrakvöld. Björn Malmquist var með innblásna frétt með viðtölum við tvo þingmenn á Evrópuþinginu. Jú, hann að vísu gat þess í framhjáhlaupi að við fengjum sex þingmenn af rúmlega sjö hundruð. En svo fékk hann þetta fólk til að segja: „það skiptir ekki öllu máli af því að það eru flokkahópar.“

Við erum sem sagt að hugga okkur við það að þessir þingmenn eiga að ganga í flokk með þýsku krötunum, með stjórnmálaflokkum á Spáni eða Portúgal og þá bjargast þetta allt saman. En það sem var merkilegt við þessa frétt í fyrrakvöld var hvað var klippt út úr henni. Hvað var ekki birt? Hvað var það sem fréttastofan [fréttastofa RÚV er svikabúlla sem stundar þöggun, álit T.Í.] ákvað að skera burtu af því sem jafnvel Björn Malmquist sendi?

Þið hafið kannski ekki séð það, en ég ligg yfir þessum miðlum, og ég fann þetta á hliðarvídeói á vefnum. Jú, hann nefnilega hélt áfram og sagði: „Já, en til viðbótar við þingið þá er ráðherraráðið. Þá er ráðherraráðið og þar er einn ráðherra frá Íslandi og einn frá öðrum.“ Jú, jú það er alveg allt saman rétt. En svo komst hann ekki hjá því að segja: „En þróunin í Evrópusambandinu er þannig að nú eru allur þorri ákvarðana í ráðherraráðinu er tekin með vegnu atkvæðamagni.“

Því það er ekki ráðherra með jafn mikið vald og annar ráðherra, nei. Atkvæði þeirra vigta mismunandi eftir mannfjölda. Þýskaland og Frakkland eru samtals með þrjátíu og þrjú prósent atkvæðamagnsins. En hvað fengi Ísland fyrir sinn stól fyrir sætið við borðið? Núll komma eitt prósent. Og ef þið trúið mér ekki, farið á vef RÚV, því ekki lýgur Björn Malmquist. Það er þessi núll komma eitt prósent stóll sem við fáum.

Það er allt og sumt. Við verðum á svona litlum stól með Möltu og Lúxemborg. Og jafnvel þótt að við legðum öll saman þrjú, við og Malta og Lúxemborg, þá myndum við ekki ná núll komma fimm prósent. Þetta eru staðreyndirnar, kæru vinir. Þetta eru valdahlutföllin. Þetta er veruleikinn sem er verið að biðja okkur að ganga til.

Og gleymum ekki því sem ég nefndi áðan, atvinnuleysi unga fólksins. Fjórði hver ungur Finni er atvinnulaus. Viljið ekki skoða það aðeins, þeir sem eru að bjóða æsku Íslands nýja framtíð? Og svo er sagt: „Já, en þetta kostar okkur ekkert að sækja um.

Þá gleyma menn, eins og Björn Zoëga nefndi hérna áðan, fórnarkostnaðinum sem fylgir þessum viðræðum. Hann er nefnilega ærinn. Allan þann tíma sem þessar viðræður munu standa og spyrjið bara Össur hvað þær geta staðið lengi. Þá gerir embættiskerfið á Íslandi ekkert annað en að glíma við þessa fjörutíu þúsund sem eru þarna úti í Brussel, og landsstjórnin, í stað þess að

einbeita sér að vandamálum hér heima, verður, eins og Björn Zoëga [læknir] lýsti vel, upptekin við glímuna við Brussel.

Og ég get sagt ykkur það, ég gegndi ákveðnu embætti þegar Jóhanna og Steingrímur fóru í þennan leiðangur í fullri hreinskilni. Ég hafði stúkusæti á því að sjá hvernig það fór með íslenska kerfið og hvað kostaði okkur mikið. En til viðbótar kemur það að við eigum fríverslunarsamninga við fjölda áhrifaríkra ríkja. Þeir verða ekkert þróaðir á meðan, vegna þess að þau vita öll að ef að við göngum í Evrópusambandið þá falla þessir fríverslunarsamningar niður.

Og önnur ríki sem við gjarnan vildum fá fríverslunarsamninga við, eins og til dæmis Bandaríkin eða Kanada, munu ekki tala við okkur vegna þess að það tekur ekki fyrir þá ef að við eftir örfá ár verðum komin í Evrópusambandið og þeir falla niður.

Þetta er fjórþættur, þetta er fjórþættur fórnarkostnaður. Embættismannakerfið, hin pólitíska forysta í landsmálum, fríverslunarsamningarnir við önnur ríki og í fjórða lagi muni engin íslensk fyrirtæki geta sótt inn í önnur ríki og aðra markaði meðan á þessu stendur vegna þess að mótaðilinn mun alltaf segja: „Verður það þannig eftir fáein ár að þið verðið háðir reglufargan í Evrópusambandsins, þá ættum við bara að bíða og tölum ekki við ykkur á meðan.“

Það er nefnilega þannig kæru vinir, þetta er ekki ókeypis ferð. Hún mun kosta okkur mikið, hvort sem hún leiðir til niðurstöðu eða ekki. Og svo að lokum er það lýðræðið og stjórnarskráin. Við sem kynntumst kynslóðinni sem barðist fyrir íslenska lýðveldinu og sjálfstæðisbaráttunni, við vitum að lýðræði og stjórnarskráin eru ekki innantóm orð. Þau eru ekki innantóm orð. Það er það sem gerir okkur kleift að hafa valdið í eigin höndum.

Að koma inn í samfélag þjóðanna með fullu umboði og gleymum því heldur ekki að fyrir þennan 0,1% stól þurfum við að láta af hendi fjölda 100% stóla sem við höfum í dag til að semja sem fullvalda ríki við önnur ríki. Það er nefnilega þannig, það er nefnilega þannig að þessi litli stóll í ráðherraráðinu, hann mun kosta okkur marga aðra stóla því að sjálfur grunnsáttmáli Evrópusambandsins er þannig að þá fær kommissjónin og Brussel það vald í sínar hendur.

Og þótt að Þorgerður Katrín sé kraftakona og hafi skorað mörg mörk í handboltanum á sínum tíma, þá breytir hún ekki grunnsáttmála Evrópusambandsins. Það mun enginn íslenskur ráðherra gera. Við erum þess vegna kæru vinir ef að þessi för endar á þann veg sem ráðherrarnir vilja, ekki bara að láta af hendi dómsvaldið að hluta, löggjafarvaldið að hluta, framkvæmdavaldið að hluta. Þetta verður stórfelld lýðræðisskerðing fyrir okkur sem þjóð, en má ég til viðbótar nefna málskotsréttinn, tuttugustu og sjöttu greinina, sem þjóðin hefur kynnst af eigin raun skiptir máli.

Að þjóðin sjálf geti haft síðasta orðið það hvaða lög gilda í þessu landi. Málskotsrétturinn, tuttugasta og sjötta greinin. Úrskurðir Evrópudómsvaldsins sem fá lagagildi. Tilskipanir kommissáranna í Brussel. Þær munu aldrei víkja fyrir tuttugustu og sjöttu greininni, og það er

enginn talsmaður þess að fara í þessa atkvæðagreiðslu og segja já sem hefur þorað að ræða áhrifin á málskotsréttinn, á tuttugustu og sjöttu greinina, á grundvallarbreytingar á stjórnskipun Íslands sem þetta mun hafa í för með sér.

> [26. gr. Ef Alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp, skal það lagt fyrir forseta lýðveldisins til staðfestingar eigi síðar en tveim vikum eftir að það var samþykkt, og veitir staðfestingin því lagagildi. Nú synjar forseti lagafrumvarpi staðfestingar, og fær það þó engu að síður lagagildi, en leggja skal það þá svo fljótt sem kostur er undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar með leynilegri atkvæðagreiðslu. Lögin falla úr gildi, ef samþykkis er synjað, en ella halda þau gildi sínu.]

Til viðbótar er það þannig að þeir sem hafa æðsta vald í Brussel eru ekki ráðnir af okkur. Þeir eru ekki heldur ráðnir af fólkinu í Evrópu. Þegar kosningarnar fóru fram á sínum tíma og þá átti að skipta æðstu stjórnendur í kommissarasveitinni í Brussel, þá héldu margir forystumenn flokkanna sem sigruðu í þeim kosningum að þeir myndu nú loksins fá að ráða.

Nei. Það var tveggja manna klíkufundur í París, Macron og Merkel, sem ákváðu að Ursula von der Leyen, sem engum hafði dottið í hug áður að ætti að vera í forsvari fyrir Evrópusambandið, fengi þar æðsta vald. Forseti Frakklands og kanslari Þýskalands réðu því á tveggja manna fundi hverjir stjórna Evrópusambandinu, og Ursula von der Leyen ákvað síðan að Kaja Kallas yrði utanríkisráðherra Evrópusambandsins.

Það var ekki Evrópuþingið. Það var ekki fólkið í Evrópu. Það var Ursula. Gerum okkur grein fyrir því að eitt af dýrmætasta sem við eigum í þessu landi er lýðræðið. Vald okkar allra hvar sem við búum í landinu til að setja af ríkisstjórnir og þingmenn og kjósa okkur forseta og þjóðhöfðingja eftir því sem við viljum ákveða hvaða lög gilda í landinu og hvernig við varðveitum þann rétt sem fyrri kynslóðir eftir hundrað ára baráttu færðu okkur í hendur.

En allt kerfi Evrópusambandsins er á þann veg og því verður ekki breytt. Það segja allar þjóðir, það segir sagan, það segir Evrópusambandið sjálft. Að næstu hundrað ár þurfum við kannski að glíma á nýjan leik við fjarlægt vald og þá spyr ég í nafni kynslóðanna sem núna eru horfnar: Til hvers var þá barist?

Þess vegna kæru vinir, þessi fundur hér í dag slær ekki bara met í þessum sögufræga sal [Sjálfstæðissalnum (Gamla Nasa) við Austurvöll í Reykjavík]. Það er yfirfullt hér í öðrum salarkynnum yfir á Parliament Hotel og næstu byggingum. Þetta er í okkar höndum. Viljum við áfram Ísland eða ætlum við að styðja það að það sé tekin u-beygja með framtíð okkar þjóðar?

Þakka ykkur fyrir.

Halldór Benjamín: Það er orðið vel heitt hérna inni. Við þökkum Ólafi, Birni og Láru kærlega fyrir þeirra erindi. Þau hafa fallist á að vera hérna áfram og svara spurningum ykkar. Við munum ganga um salinn hérna eftir nokkrar mínútur. Það er mikilvægt að við eigum milliliðalaus samtöl, í næstu viku munum við boða fund á Akureyri. Ég hvet ykkur til að fylgjast með því. Og svona

munu mun hver fundur á fætur öðrum rekja sig hringinn í kringum landið. Endilega farið inn á áfram Ísland og skráið ykkur. Þakk ykkur kærlega fyrir komuna hérna í kvöld. Verið þið sæl. Og verið þið sæl.